
Framleiðsla vetnis og metans við Hellsheiðarvirkjun

Sveitarfélaginu Ölfusi

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 3. mars 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Nordur Renewable Iceland ehf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar framleiðslu vetnis og metans við Hellsheiðarvirkjun, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 6.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, OR-samstæðunnar, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar og Vinnueftirlitsins.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Framleiðsla vetnis og metans við Hellsheiðarvirkjun
Tillaga að matsáætlun. Mannvit verkfræðistofa, mars 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvubréfi dags. 31. mars 2020,
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvubréfi dags. 24. mars 2020,
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 30. mars 2020,
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubréfi dags. 23. mars 2020,
- Orkustofnun með tölvubréfi dags. 28. apríl 2020,
- OR-samstæðunni með tölvubréfi dags. 25. mars 2020,
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 30. mars 2020,
- Veðurstofu Íslands með tölvubréfi dags. 28. mars 2020,
- Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 17. mars 2020,
- Vinnueftirlitinu með tölvubréfi dags. 25. mars 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 18. maí 2020.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Landslag og ásýnd

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Jarðhitagarði ON norðvestur af Hellsheiðarvirkjun á grasi gróinni framburðarsléttu. Virkjunarsvæðið einkennist af því að þar er Jarðhitavirkjun og tengd mannvirki í þróun. Framkvæmdaraðili mun út frá greiningu landslagsheilda leggja mat á möguleg neikvæð eða jákvæð áhrif á landslagsheildir sem byggir á greiningu á umfangi áhrifa út frá mati á stærð/skala, landfræðilegu umfangi, varanleika og afturkræfni. Einnig verður metið hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum til að draga úr, eða bæta fyrir



möguleg neikvæð áhrif á landslag. Til að greina sjónræn áhrif er notast við myndrænt form þar sem mannvirki eru sett inn á ljósmyndir. Við mat á áhrifum á landslag og sjónræna þætti vegna vetnis- og metangasverksmiðju á Hellisheiði verður nýtt landupplýsingakerfi þar sem sýnileiki er greindur, það er hvaðan sést til fyrirhugaðra mannvirkja.

Um er að ræða umfangsmiklar byggingar sem koma til með að hafa ásýndarbreytingar í för með sér og þarf umfjöllun og mat á landslagi og ásýnd að taka mið af því. Mjög fjölfarinn þjóðvegur liggur í næsta nágrenni auk þess sem Hengilssvæðið er vinsælt útivistarsvæði í nálægð við höfuðborgarsvæðið.

Í frummatsskýrslu þarf fyrir utan að birta sýnileikakort að birta ljósmyndir frá völdum sjónarhornum af núverandi aðstæðum og til samanburðar þarf að færa inn fyrirhuguð mannvirki á ljósmyndir (líkanmyndir) og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem dregið geta úr eða bætt möguleg neikvæð áhrif á ásýnd.

Loftgæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að losun frá vetnis- og metangasverksmiðju Nordur á Hellisheiði verður súrefni (O_2) frá vetnisstöðinni, CO_2 og H_2S snault jarðhitagas frá gashreinsistöðinni eftir frekari hreinsun á gasi frá hreinsistöð Hellisheiðarvirkjunar, og mögulega eitthvað metan frá metangasstöðinni. Á móti verður binding CO_2 og H_2 sem myndar þannig metan (CH_4). Staðbundið mun því framkvæmdin draga úr losun CO_2 og H_2S .

Með fyrirhugaðri framleiðslu á endurnýjanlegu metangasi (CH_4) minnkar kolefnisspor staðbundið á Hellisheiði. Til framleiðslunnar verður nýtt rafmagn og vatn frá Hellisheiðarvirkjun til framleiðslu vetnis (H_2) með rafgreiningu og það síðan, ásamt koldíoxíði (CO_2) úr útblæstri virkjunarinnar, nýtt til framleiðslu metans.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji óljóst hversu mikið mun draga úr losun H_2S frá Hellisheiðarvirkjun með tilkomu vetnis- og metanstöðvarinnar. Stofnunin telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram magntölur um lækkun H_2S losunar í útblæstri frá virkjuninni í stað almenns orðalags um að dregið verði úr losun. Umhverfisstofnun telur að til að auka skýrleika matsins mætti taka saman hvaða áhrif verksmiðjan hefur á H_2S losun samanlagt frá virkjun og frekari hreinsun fyrir metanframleiðslu.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ON hreinsar um 75% af H_2S úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar og dælir niður í jarðlög. ON gerir ráð fyrir að reisa aðra SulFix stöð og hreinsa meira H_2S úr útblæstri virkjunarinnar og auka þá líka niðurdælingu. ON mun afhenda Nordur CO_2 ríkt jarðhitagas eftir að H_2S hefur að mestu verið hreinsað út því í SulFix hreinsistöð ON. Gasið verður hreinsað enn frekar af brennisteini í gashreinsistöð vetnis- og metanverksmiðju Nordur. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir magntölum í ferlum við hreinsun á jarðhitagasi, bæði fyrir og eftir afhendingu frá ON á gasi til Nordur og framleiðslu vetnis og metan, efnis- og massastraumum í ferlunum og hvaða áhrif það hefur á samanlagða losun H_2S og gróðurhúsalofttegunda frá Hellisheiðarvirkjun og verksmiðju Nordur.

OR-Samstæðan bendir á þrátt fyrir að Orka náttúrunnar dæli nú niður um 30% af CO_2 , þá er stefnt að sporlausri vinnslu árið 2030. Því þarf framkvæmdaraðili að skoða hvernig losun á 4.760 tonnum á ári af jarðhitagasi, samræmist stefnu Orku náttúrunnar um sporlausu vinnslu til framtíðar. Einnig er það umhugsunarefni ef nýtnin á framleiðslukerfum verður með þessum hætti. OR-Samstæðan óskar eftir að Nordur leggi fram tillögu hvernig megi lágmarka enn frekar losun á CO_2 út í andrúmsloftið.



Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að áætlanir miði við að Nordur fái 24.670 tonn/ári af jarðhitagasi eftir hreinsun í SulFix hreinsistöð ON. Af því eru um 20.000 tonn CO₂ og restin er aðrar gastegundir. Nordur hreinsar gasið frekar og nýtir 19.560 tonn/ári af hreinu CO₂ og losar 4.050 tonn/ári af jarðhitagasi frá gashreinsistöð vetnis og metanverksmiðjunnar og þar af eru 440 tonn/ári CO₂. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir framleiðsluferlum og orku, massa og efnisstraumum í verksmiðju Nordur. Fjallað verður um raunhæfa kosti og greint frá því ef það felst í að lágmarka megi enn frekar losun CO₂ í andrúmsloft frá verksmiðjunni.

Í frummatsskýrslu þarf að gera nánari grein fyrir framleiðsluferlum og orku, massa og efnisstraumum sem tengjast fyrirhugaðri starfsemi. Fjalla þarf um valkosti sem snúið geta að því að lágmarka enn frekar losun CO₂ í andrúmsloft frá starfseminni.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magntölum við hreinsun á jarðhitagasi, bæði fyrir og eftir afhendingu frá ON á gasi til Nordur og framleiðslu vetnis og metan og hvaða áhrif það hefur á samanlagða losun H₂S og gróðurhúsalofttegunda frá Hellisheiðarvirkjun og verksmiðju Nordur.

Hættur

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að á virkjunarsvæðinu eru mannvirki Hellisheiðarvirkjunar, þar sem fram fer rafmagnsframleiðsla og varmaframleiðsla fyrir höfuðborgarsvæðið. Þá liggur hitaveitulögnin meðfram aðkomuvegi að lóðum í Jarðhitagarði og háspennulínur og tengivirki eru ekki fjarri. Þá er jarðhitasýning ON í Hellisheiðarvirkjun vinsæll áfangastaður hjá ferðamönnum, auk þess sem Hengilssvæðið er þekkt útivistarsvæði með skipulögðum göngu- og reiðleiðum.

OR-samstæðan bendir á að ef það kynni að verða alvarlegt atvik eða slys á staðnum sem hefur áhrif á mannvirki og starfsemi OR-samstæðunnar við Hellisheiðarvirkjun þá yrði það meiriháttar mál, þar sem verið er að veita almenningi grunnþjónustu.

OR-samstæðan leggur áherslu á að frekari greininga þurfi til. Gera þarf sviðsmyndagreiningu á því hvaða atvik og slys gætu orðið, hverjar séu líkurnar á þeim og hverjar yrðu mögulega afleiðingar fyrir aðra starfsemi Hellisheiðarvirkjunar og Jarðhitagarðsins. Þá gerir OR-samstæðan athugasemd við að hvergi er gerð grein fyrir magni afurða eða aukaafurða sem geymd verða á staðnum og hversu lengi.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði áhættugreining og áhættumat út frá fyrirliggjandi gögnum, m.a. frá framleiðendum búnaðar í vetnis- og metanverksmiðjunni. Greindar verða helstu hættur fyrir mismunandi sviðsmyndir, ástæða hættunnar, afleiðingar sem óhapp getur haft og fyrirbyggjandi varnir sem dregið geta úr hættum.

Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að magni hættulegra og eldfimra efna verði haldið í lágmarki á verksmiðjusvæði Nordur. Í frummatsskýrslu verður greint frá magni og geymslu afurða á verksmiðjusvæðinu og aukaafurða ef á við.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magni eldfimra og hættulegra efna sem geymd verða á svæðinu. Einnig þarf að gera grein fyrir mögulegri hættu við flutning og geymslu efnanna.

Hreinsun á CO₂ gasi eftir SulFix

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að gert er ráð fyrir að koldíoxíð fyrir metangasframleiðsluna fái frá Hellisheiðarvirkjun eftir að brennisteinsvetni hafi að mestu verið hreinsað úr jarðhitagasinu í SulFix lofthreinsistöð virkjunarinnar. Úrgangur frá hreinsun er 1.600 tonn af brennisteini og 32 tonn af brennisteins hlöðnum kolum á ári. Áætlað er að skipta þurfi árlega út um 23 tonnum af virkum kolum, sem verða að öðru leyti meðhöndluð og endurnýtt í ferlinu.

OR-samsteypan bendir á að notkun lífræna leysa er ekki ásættanleg út frá umhverfissjónarmiðum í Jarðhitagarði. Ekki er annað að sjá en að framkvæmdaraðili áformi að nota lífræna leysa við



hreinsun brennisteinsvetnis. Skýrt þarf að koma fram að það sé ekki raunin og hvað verði notað í staðinn. Samsteypan ítrekar mikilvægi þess að fjallað verði um ólíka valkosti við hreinsun brennisteinsvetnis, þar með talið valkosti sem nýta ekki lífræna leysa.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að nú liggi fyrir að ekki verði um að ræða notkun lífrænna leysa í gashreinsunarferli verksmiðjunnar. Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um raunhæfa kosti við ferli og efnanotkun við frekari hreinsun á jarðhitagasi í gashreinsistöð verksmiðju Nordur eftir að það hefur verið hreinsað í SulFix hreinsistöð ON. Þar á meðal raunhæfa valkosti sem nýta ekki lífræna leysa eða brenna H_2S gasið í súrefni frá rafgreiningarferli verksmiðjunnar.

Umhverfisstofnun telur að úrgangur frá hreinsun sé einn megin mengunarpáttur framleiðslunnar og kunni að hafa talsverð umhverfisáhrif á rekstartíma. Stofnunin telur því að fjalla ætti ítarlega um nákvæmt innihald úrgangsmassans, geymslu og meðferð úrgangsins þar sem um er að ræða umtalsvert magn.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að frá gashreinsunarferli eru áætlað að komi um 1.600 tonn/ári af úrgangi í formi brennisteinsköku sem samanstendur af 860 tonn/ári af brennisteini og 740 tonn/ári af vatni. Í frummatsskýrslu verður gerð nánari grein fyrir samsetningu úrgangs þ.m.t. efnisinnihald brennisteinsköku. Í frummatsskýrslu verður fjallað um innihald, geymslu og meðferð úrgangsins. Einnig verður fjallað um varnir gegn útskolun/leka til að draga úr hættu á mengun í jarðvegi og grunnvatni.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á ólíka valkosti við hreinsun brennisteinsvetnis og hvernig förgun hliðarafurða, þ.m.t. brennisteini verði háttáð.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samsetningu úrgangs, geymslu og vörnum gegn mengunarhættu í jarðvegi og grunnvatni.

Hljóðvist

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að hljóðstig við núverandi aðstæður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Jarðhitagarðinum er nálægt mældum umhverfishávaða 40-50 dB. Hávaði frá virkjuninni er undir 70 dB og veldur almennt ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

Umhverfisstofnun telur að bæta þurfi við umfjöllun um þær mótvægisáðgerðir sem farið verður í til að lágmarka hávaða á framkvæmdatíma og eftir þörfum á rekstartíma.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að hljóðstig við verksmiðju á rekstartíma verði innan viðmiðunarmarka fyrir iðnaðarsvæði í samræmi við lög og reglur. Tímabundið getur orðið ónæði og hávaði á vegna umferðar flutningabíla og bíla starfsmanna. Nánari grein verður gerð fyrir umferð og flutningum á framkvæmda- og rekstartíma í frummatsskýrslu og áhrifum á hljóðvist. Verður m.a. horft til þess hvort viðkvæmir viðtakar eru á svæðinu, s.s. merktar göngu-, reið- eða hjólaleiðir þar sem áhrifa getur mögulega gætt.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á útivist. Birta þarf dynlínukort sem sýnir hljóðstig í nágrenni verksmiðjunnar.

Vatnstaka

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að nota eigi vatn á mörgum stigum framleiðslunnar, bæði sem hluta af framleiðsluferlinu, í hreinsi- og kælikerfum, en einnig vegna annarrar starfsemi.

Veðurstofa Íslands telur mikilvægt að vita hvert álagið á grunnvatnsveitinn er hvað varðar nýtingu til lengri tíma. Gera þurfi skýra grein fyrir því grunnvatnsmagni vatns sem verður nýtt s.s. hámarksnýtingu á ársgrundvelli, en einnig hámarksnýtingu yfir styttri tímabil innan ársins. Á svæðinu sé til staðar nýtingarleyfi fyrir allt að 2000 m³/s. Ekki kemur fram hversu mikið af því er



nýtt nú þegar og hver heildarnýting á svæðinu verði að hámarki. Vatnstaka úr grunnvatnshlotum í nánd við höfuðborgarsvæðið og Ölfus er mikil og í því nauðsynlegt að vakta vatnshlotin með mælingum og reiknilíkönnum.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að vatn sem notað verður í framleiðsluferlum vetnis- og metanverksmiðju Nordur á Hellsheiði verður fengið úr vatnsveitu Hellsheiðarvirkjunar. Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir áformaðri notkun hráefna í verksmiðju Nordur þar með talið vatnsnotkun og hvernig hún verður skráð.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir núverandi vatnsnotkun á svæðinu og hversu mikið grunnvatnsmagn starfsemi Nordur mun fá úr vatnsveitu Hellsheiðarvirkjunar.

Frárennsli

Fram kemur að samráð verður haft við ON, byggingafulltrúa í Ölfusi, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um útfærslu á fráveitu og losun affallsvatns í grunnvatn ef við á. Nánar verður fjallað um útfærslu fráveitu í frummatsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að jafnaði er slík losun affallsvatns í grunnvatn óheimil nema affallsvatnið sé metið ómengað. Aðgerðir varðandi losun affallsvatns í grunnvatn þyrftu að vera heimilaðar í starfsleyfi Umhverfisstofnunar en það fer eftir efnainnihaldi ferskvatnsins hvort slíkt yrði heimilað.

Veðurstofa Íslands bendir á að efnamengun getur borist til mikilvægra grunnvatnsveita, s.s. með afrennsli, grunnvatni og loftbærri mengun með úrkomu. Nauðsynlegt er að gera skýrari grein fyrir þeim efnaferlum sem geta haft áhrif á umhverfið og valdið mengun og hvaða ráðstafanir verða gerðar til að koma í veg fyrir slíkt álag.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að víðtækt samráð verði viðhaft vegna útfærslu fráveitu og losun affallsvatns í grunnvatn ef við á. Verður þá jafnframt leitað heimildar til losunar í grunnvatn við umsókn um starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Gerð verður nánari grein fyrir áætluðu frárennsli, magni affallsvatns og efnainnihaldi og meðferð þess í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif frárennslis með tilliti til innihaldsefna þess og gera grein fyrir hvort efnasamsetning frárennslis krefjist hreinsunar. Ef svo er þarf að gera grein fyrir fyrirkomulagi hreinsunar.

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að áformað er að reisa verksmiðjuna í einum áfanga. Í frummatsskýrslu er því ekki gert ráð fyrir umfjöllun um valkosti varðandi staðsetningu, áfangaskiptingu, umfang eða útfærslu mannvirkja.

Í frummatsskýrslu verður gerð grein fyrir raunhæfum valkostum ferla við framleiðslu metans og umhverfisáhrifum ólíkra kosta m.t.t. efnanotkunar, úrgangs og mengunaráhættu.

Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um raunhæfa kosti við ferli og efnanotkun við frekari hreinsun á jarðhitagasi í gashreinsistöð verksmiðju Nordur eftir að það hefur verið hreinsað í SulFix hreinsistöð ON. Þar á meðal raunhæfa valkosti sem nýta ekki lífræna leysa eða brenna H₂S gasið í súrefni frá rafgreiningarferli verksmiðjunnar.

Í frummatsskýrslu verður eftir því sem upplýsingar liggja fyrir, fjallað um núllkost og sýnd áætluð losun CO₂ og H₂S án fyrirhugaðrar vetnis- og metanverksmiðju, miðað við möguleika ON til aukinnar niðurdælingar CO₂ og áhrif þess á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá Hellsheiðarvirkjun. Til samanburðar verður sýnd áætluð losun gróðurhúsalofttegunda með verksmiðju Nordur.



Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fjallað verður um raunhæfa kosti og greint frá því ef það felst í að lágmarka megi enn frekar losun CO₂ í andrúmsloft frá verksmiðjunni.

Í frummatsskýrslu verður fjallað um raunhæfa kosti við flutninga afurða frá verksmiðjunni og greint frá niðurstöðu áhættugreiningar og áhættumats fyrir flutninga.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Nordur Renewables Iceland að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf fyrir utan að birta sýnileikakort að birta ljósmyndir frá völdum sjónarhornum af núverandi aðstæðum og til samanburðar þarf að færa inn fyrirhuguð mannvirki á ljósmyndir (líkanmyndir) og þannig leitast við að sýna hugsanlegar ásýndarbreytingar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að skýr rök verði í frummatsskýrslu fyrir vali sjónarhorna líkanmynda.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem dregið geta úr eða bætt möguleg neikvæð áhrif á ásýnd.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera nánari grein fyrir framleiðsluferlum og orku, massa og efnisstraumum sem tengjast fyrirhugaðri starfsemi. Fjalla þarf um valkosti sem snúið geta að því að lágmarka enn frekar losun CO₂ í andrúmsloft frá starfseminni.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magntölum við hreinsun á jarðhitagasi, bæði fyrir og eftir afhendingu frá ON á gasi til Nordur og framleiðslu vetnis og metan og hvaða áhrif það hefur á samanlagða losun H₂S og gróðurhúsalofttegunda frá Hellsheiðarvirkjun og verksmiðju Nordur.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir magni eldfimra og hættulegra efna sem geymd verða á svæðinu. Einnig þarf að gera grein fyrir mögulegri hættu við flutning og geymslu efnanna.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á ólíka valkosti við hreinsun brennisteinsvetnis og hvernig förgun hliðarafurða, þ.m.t. brennisteini verði háttað.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samsetningu úrgangs, geymslu og vörnum gegn mengunarhættu í jarðvegi og grunnvatni.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á útivist. Birta þarf dynlínukort sem sýnir hljóðstig í nágrenni verksmiðjunnar.
9. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir núverandi vatnsnotkun á svæðinu og hversu mikið grunnvatnsmagn starfsemi Nordur mun fá úr vatnsveitu Hellsheiðarvirkjunar.
10. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir og leggja mat á áhrif frárennslis með tilliti til innihaldsefna þess og gera grein fyrir hvort efnasamsetning frárennslis krefjist hreinsunar. Ef svo er þarf að gera grein fyrir fyrirkomulagi hreinsunar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 20. júlí 2020.



Reykjavík, 19. júní 2020

Egill Þórarinsson

Jón Smári Jónsson